



IÐNF1GB04A

Iðnfræði háriðna 1

Fjölbrautaskóli Suðurlands

Kennsluáætlun – haustönn 2022

**Kennari áfangans: E Arna Árnadóttir**

**Áfangalýsing:** Fjallað er um mannleg samskipti, þjónustulund, persónulegt hreinlæti, stöður og vinnustellingar. Nemandinn fræðist um pH-gildi hárs og húðar auk þess að læra að þekkja uppbyggingu hárs, eiginleika þess og efnafræði hársnyrtivara. Nemandur fræðast um hángerðir, uppbyggingu og vaxtarferli hársins. Kenndir grunnþættir þess kennslukerfis sem notað er við kennslu verklegra þátta. Notkun og beiting hinna ýmsu klippiáhalda. Nemandinn fær innsýn í mikilvægi persónulegrar og fagmannlegrar þjónustu við viðskiptavini. Nemandinn fræðist um sjálfbærni og umhverfisvænar leiðir í hársnyrtið. Lög um aðbúnað, öryggi og hollustuhætti eru kynnt. Fjallað er m.a. um vinnustaðinn, hávaðamengun, andrúmsloftið, hita, raka, lýsingu og meðferð hættulegra efna. Einnig er fjallað um andlega vellíðan, atvinnusjúkdóma, helstu orsakir vinnuslysa og brunavarnir.

**Markmið áfangans:**

**Þekking: Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**

- pH-kvarðanum.
- uppbyggingu hárs og eiginleikum þess.
- helstu þáttum kennslukerfisins.
- helstu fagorðum hársnyrtingar á ensku.
- almennum umgengnisreglum og þjónustulund.
- mikilvægi réttar líkamsbeitingar.
- öryggis- og varúðarráðstöfunum varðandi vinnu sína.
- vistvænum leiðum í hársnyrtingu.

**Leikni: Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- greina mun á súrum og basískum vörum.
- eiga grunnsamskipti við viðskiptavini t.d. í móttöku og sínavörslu.
- skilgreina grunnform í klippingu.

**Hæfni: Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- efla mannleg samskipti og þjónustuhæfni.
- bæta líkamsvitund sína.
- skilgreina pH gildi og átta sig á áhrifum súrra og basískra lausna á hár og húð.
- skilgreina grunnform í klippingu.
- beita helstu fagorðum hársnyrtingar á ensku.

Símat

Námsefni:	Bókin <b>Hársnyrting undirstöðuatriði</b> ásamt vinnubók. Annað námsefni frá kennara.